

Ed.

362. Nefndarátt

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útlutningsgjald af sild o. fl.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur það til, að frv. þetta verði samþykkt með nokkrum breytingum. Tveir úr meiri hlutanum (I. P. og E. Á.) eru mótfallnir 2. gr. frv. Um það er þó ekki brtt., þar sem greinin kemur við 2. umræðu sjerstaklega til atkvæða.

Meiri hlutinn leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU.

1. grein skal orða svo:

1. grein laganna skal orða svo:

Af hverri saltaðri sildartunnu (108—120 lítr.) skal greiða í ríkissjóð 100 aura. Af hverri tunnu kryddsildar (108—120 lítr.) 150 aura. Af hverjum 100 kg. af sildarmjöli, fiskimjöli þurkuðu og fóðurkökum 200 aura. Af hverjum 100 kg. af óþurkuðu áburðarefni úr fiski og sildarafurðum 60 aura. Af hverjum 100 kg. af sild, sem flutt er til útlanda óunnin til bræðslu, 25 aura. Af hverjum 100 kg. af fiskúrgangi, hausum og beinum (þurkað, óunnið) 150 aura.

Alþingi, 1. mars 1928.

Ingvar Pálmason,
form.

Jón Baldvinsson,
fundaskrifari og frsm. meiri hl.

Einar Árnason.